

**REGLUGERÐ**

**um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

## 1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1989:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar . . . . .	kr. 153 600
Hjón . . . . .	kr. 215 000

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. júní 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 223, 25. maí 1987 um sérstakt jöfnunargjald á kartöflum og vörur unnar úr þeim, sbr. breytingu með reglugerð nr. 109 26. febrúar 1988.**

## 1. gr.

Fjórða málsgrein 1. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir tollskrárnúmerið 2004.1000 í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 120% jöfnunargjald.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 5. maí 1986, um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. júní 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Sveinbjörn Eyjólfsson.*